



Starfsmaður í Dagdvöl aldraðra óskast

- Upphaf starfs:** 1. febrúar 2019 eða eftir samkomulagi. Um framtíðarstarf er að ræða.
- Starfshlutfall:** 50% starfshlutfall.
- Starfsheiti:** Starfsmaður við Dagdvöl aldraðra (aðhlyning og félagsstarf).
- Lýsing á starfinu:** Starfsmaður vinnur eftir daglegu skipulagi Dagdvalar í samráði við forstöðumann og samstarfsfólk. Starfsmaður styður dvalargesti til sjálfstæðis og sjálfræðis, ásamt því að efla færni og sjálfsbjargargetu heima og í dagdvöl. Starfsmaður eflir, leiðbeinir og hvetur dvalargesti við athafnir daglegs lífs, s.s. persónulega umhirðu og aðstoðar við sund, böðun og á matmálstímum. Starfsmaður hvetur og eflir dagdvalargesti til þátttöku í starfsemi dagdvalar, líkt og hópastarfi, samverustundum, upplestri, söng, leikfimi, sundi, gönguferðum o.s.frv.
- Hæfniskröfur:** Umsækjendur þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum ásamt frumkvæði, sveigjanleika, jákvæðni og stundvísi. Umsækjendur þurfa að hafa almenna tölvuþekkingu og færni. Skilyrði er að umsækjendur tali og skilji vel íslensku. Menntun sem nýtist í starfi er kostur ásamt reynslu og þekkingu af sambærilegu starfi.
- Launakjör:** Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
- Umsóknarfrestur:** Er til og með **16. janúar 2019**.
- Nánari upplýsingar:** Stefanía Sif Traustadóttir, forstöðumaður, í síma 453-5909 / 692-5909 eða með tölvupósti stefaniast@skagafjordur.is.
- Umsóknir:** Umsókn ásamt ferilskrá er greinir frá menntun og fyrri störfum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is (laus störf). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Karlur, sem og konur, eru hvattir til að sækja um.

Dagdvöl aldraðra er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Markmið starfsins er að skapa fjölbreytta starfsemi sem stuðlar að innihaldsríku lífi og vinnur gegn einmanaleika, vanmáttarkennd og leiða.